

REGLUGERÐ

um löggildingarskyldu mælitækja í notkun.

1. gr.

Reglugerð þessi tilgreinir við hvaða notkun mælitæki eru löggildingarskyld.

2. gr.

Mælitæki sem tilheyra eftirfarandi flokkum mælitækja eru löggildingarskyld þegar þau eru höfð til þeirra nota sem tilgreind eru í 3. grein: Vatnsmælar, raforkumælar, mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn, vogir og vínmál.

Mælitæki önnur en þau sem getið er um í 1. mgr. eru einnig löggildingarskyld ef unnt er að nota þau í sama tilgangi og önnur löggildingarskyld mælitæki á sama stað.

3. gr.

Skylt er að löggilda vatnsmæla fyrir sölumælingu til notkunar á heimilum, í viðskiptum og iðnaði.

Skylt er að löggilda raforkumæla fyrir sölumælingu á raunorku sem ætlaðir eru til notkunar á heimilum, í viðskiptum og iðnaði.

Skylt er að löggilda mælikerfi sem ætluð eru til mælingar á magni eldsneytis eða mjólkur þegar þau eru notuð í viðskiptum og til beinnar sölu til neytenda.

Skylt er að löggilda vogir sem hafðar eru til eftirfarandi nota:

- a. Ákvörðun massa fyrir verslunarviðskipti.
- b. Ákvörðun massa fyrir útreikning á tollum, vörugjöldum, skatti, kaupauka eða ágóða-hlut, féviti, þóknun, bótum eða greiðslum af slíkum toga.
- c. Ákvörðun verðs á grunni massa vegna beinnar sölu til almennings og vegna gerðar forpakkaðrar vöru.
- d. Vigtun skv. reglugerð nr. 224/2006 um vigtun og skráningu sjávarafla sem þar er kveðið á um að fara skuli fram á löggiltri vog þótt hún kunni ekki að falla undir lið a.

Skylt er að löggilda vínmál sem eru hálfsjálfvirk eða sjálfvirk og eru notuð við sölu áfengra drykkja.

4. gr.

Skylt er að löggilda mælitæki að nýju ef þau eru ætluð til löggildingarskyldra mælinga skv. 3. gr.:

- a. Fyrir lok þess tíma sem löggilding þeirra gildir.
- b. Ef innsigli hefur verið rofið.
- c. Ef frávik fara út fyrir tvöföld hámarksfrávik sem heimiluð eru við löggildinguna.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 44. gr. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 9. nóvember 2006.

Jón Sigurðsson.

Kristján Skarphéðinsson.